

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður, þar sem stefnandi hefur ekki krafizt hans.

Haukur Davíðsson, settur bæjarfógeti, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Niels Ingvarsson, greiði stefnanda, innheimtumannni ríkissjóðs í Neskaupstað, kr. 583.00.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Föstudaginn 26. maí 1961.

Nr. 135/1959. Þórunn Guðjónsdóttir (Ragnar Ólafsson hrl.)
gegn

Dánarbúi Elísabetar Pétursdóttur og
Guðjóns Guðmundssonar,
Halldóru Guðjónsdóttur,
Guðjóni Guðjónssyni,
Lúðvík Guðjónssyni,
Albert Guðjónssyni og
Guðmundi Guðjónssyni
(Gunnar Jónsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar Hæstaréttar.

Skiptamál. Framfærslukrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfógeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. ágúst 1959 og krafizt þess, að henni verði greiddar af óskiptum eignum dánarbús Elísabetar Pétursdóttur og Guðjóns Guðmundssonar kr. 141.383.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. maí 1957 til greiðsludags og stefndu, öðrum en dánarbúinu, verði dæmt in solidum að greiða henni málskostnað fyrir skiptadómi og Hæstarétti.

Stefndu, aðrir en dánarbúið, krefjast þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Af ástæðum þeim, sem raktar eru í hinum áfrýjaða úrskurði, verður áfrýjanda einungis dæmd greiðsla fyrir umönnun og hjúkrun föður síns frá ársbyrjun 1951 til dauðadags hans. Þykir fjárhæðin hæfilega ákveðin kr. 55.000.00 með vöxtum, svo sem síðar segir.

Rétt er, að stefndu greiði áfrýjanda málskostnað fyrir skiptadómi og Hæstarétti, kr. 10.000.00 samtals.

Dómsorð:

Greiða ber áfrýjanda, Þórunni Guðjónsdóttur, af óskiptum eignum dánar- og félagsbús Elisabetar Pétursdóttur og Guðjóns Guðmundssonar kr. 55.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. maí 1957 til greiðsludags.

Stefndu, Halldóra Guðjónsdóttir, Guðjón Guðjónsson, Lúðvík Guðjónsson, Albert Guðjónsson og Guðmundur Guðjónsson, greiði in solidum áfrýjanda, Þórunni Guðjónsdóttur, málskostnað fyrir skiptadómi og Hæstarétti, samtals kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 23. júlí 1959.

Sóknaraðili máls þessa, Þórunn Guðjónsdóttir, til heimilis að Njörvasundi 34, hér í bæ, hefur gert þær réttarkröfur, að henni verði greiddar kr. 141.383.00 af óskiptum eignum dánarbús Elisabetar Pétursdóttur og Guðjóns Guðmundssonar ásamt 6% ársvöxtum frá 9. maí 1957 til greiðsludags. Hún hefur og krafizt þess, að þeim erfingjum dánarbúsins, sem véfengt hafa kröfugerð þessa, verði in solidum gert að greiða sér málskostnað að skaðlausu. Þessir aðiljar eru þau Halldóra Guðjónsdóttir, Brekkustíg 5, Guðjón Guðjónsson, Karlagötu 9, Lúðvík Guðjónsson, Hverfisgötu 66A, Albert Guðjónsson, s. st., og Guðmundur Guðjónsson, Hverfisgötu 35.

Ofannefndir erfingjar dánarbúsins hafa krafizt þess, að þessum fjárkröfum sóknaraðilja verði hrundið og að henni verði gert að greiða þeim málskostnað að skaðlausu.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, er fram fór hinn 6. þ. m.

Á árinu 1941 lézt Elísabet Pétursdóttir, til heimilis að Hverfisgötu 66A, hér í bæ. Eftirlifandi maður hennar, Guðjón Guðmundsson, s. st., fékk hinn 17. september 1941 leyfi skiptaráðandans í Reykjavík til setu í óskiptu búi eftir hana með samþykki barna þeirra hjóna.

Guðjón Guðmundsson andaðist hinn 12. maí 1957, og fór uppskrift á eignum dánarbúsins fram hinn 29. nóvember sama árs. Var búið þá tekið til opinberra skipta samkvæmt beiðni erfingjanna, annarra en Vilhelms Jónssonar, Hverfisgötu 59, en af hans hálfu eru engar kröfur gerðar í skiptamáli þessu.

Hinn 11. febrúar lýsir erfinginn Þórunn Guðjónsdóttir kröfu í dánarbúið, að upphæð kr. 141.383.00 auk vaxta og kostnaðar, sjá rskj. nr. 1. Hinir erfingjarnir, að Vilhelm Jónssyni undanteknum, hafa mótmælt kröfugerð þessari, og hefur málið síðan verið sótt og varið fyrir skiptaréttinum.

Sóknaraðili, Þórunn Guðjónsdóttir, kveður kröfugerð sína byggjast á því, að faðir hennar hafi verið í fæði og þjónustu hjá henni frá 1. maí 1944 til 9. apríl 1953, en frá þeim degi og til dauðadags, 12. maí 1957, hafi hún að aukni veitt honum aðhlynningu og hjúkrun í veikindum hans. Telur sóknaraðili sig fyrir þetta eiga sjálfsagða heimtingu á sanngjarnri endurgreiðslu af eignum dánarbúsins, og vísast um það til reiknings hennar á rskj. nr. 2 í málinu. Fyrir fyrra tímabilið krefst hún kr. 7.200.00 á ári, eða samtals kr. 64.800.00, og fyrir hið síðara samtals kr. 76.583.00, og kveðst hún hafa haft þar hliðsjón af vistgjöldum á Elliheimilinu Grund, sbr. yfirlit yfir slík gjöld á rskj. nr. 17.

Í greinargerð hinna erfingjanna segir, að eftir andlát konu sinnar hafi Guðjón Guðmundsson hafzt við á heimili Guðmundar sonar síns á Hverfisgötu 35 og stundum verið þar í fæði eða haft það annars staðar, og hafi svo fram farið allt til 25. október 1944, en síðan hafi hann búið í húsi sínu allt til dauðadags. Í húsi þessu, Hverfisgötu 66A, bjuggu sóknaraðili og maður hennar, Gísli Guðmundsson, frá því á árinu 1944 og þar til þau slitu hjúskap á árinu 1950. Telja þeir, að þar hafi verið þröngt í búi hjá þeim hjónum, og hafi Guðjón mjög oft fært þeim fisk á borð, og stundum muni hann sjálfur hafa borðað þar, en þó

sjaldan nema hann hefði sjálfur lagt á borð með sér. Hinn 16. nóvember 1952 hafi Guðjón orðið veikur, og hafi hann um hríð legið rúmfastur í heimahúsum, en verið fluttur á sjúkrahús 17. febrúar 1953 og dvalizt þar til 16. maí 1953. Eftir það hafi hann hafzt við í litlu herbergi í húsi sínu, ekki rúmfastur, en lítið getað unnið, en frá því í maí eða júní 1956 hafi hann síðan lagzt veikur, og þau veikindi hafi dregið hann til dauða.

Það er viðurkennt, að þann tíma, sem Guðjón lá rúmfastur í heimahúsum, sjá hér að framan, hafi hann haft fæði og aðhlynningu hjá sóknaraðilja. En þá beri á það að líta, að Guðjón hafi allt frá árinu 1944 sleppt sóknaraðilja við að greiða húsaleigu og að auki styrkt heimili hennar, meðan hún var í hjónabandi við Gísla Guðmundsson, og fari þannig fjarri, að hún eigi nokkra kröfu á hendur dánarbúinu. Guðjón hafi líka átt fé í banka, og allt frá árinu 1938 hafi hann notið ellilífeyris, sem muni hafa gengið til framfærslu hans og heimilis sóknaraðilja.

Sóknaraðili hefur lagt fram vottorð og leitt vitni málstað sín-um til styrktar.

Vitnunum Ástu Jónsdóttur, Valgerði Kristinsdóttur, Jóni G. Benediktssyni, Stefáni Árnasyni og Halldóru Eyjólfsdóttur ber saman um, að Guðjón hafi notið fæðis og þjónustu og aðhlynn-ingar í veikindum á heimili sóknaraðilja allt frá árinu 1944 til dauðadags. Sjá hér rskj. 4, 5, 6, 7 og 31. Vitni þessi segjast öll hafa verið gagnkunnug þessum málum, enda tíðir gestir á heimili sóknaraðilja. Emma Gústavsdóttir kveðst vita, að Guðjón hafi allt frá árinu 1947 haft fæði og þjónustu hjá sóknaraðilja. Þór-unn Pálmadóttir kveðst hafa kynnt sóknaraðilja á árinu 1951 og kveðst telja víst, að hún ein hafi annazt föður sinn frá þeim tíma til dauðadags hans.

Kristján Sveinsson læknir hefur gefið vottorð á rskj. nr. 15 og segist hafa um mörg ár stundað Guðjón Guðmundsson, en á þeim tíma hafi Guðjón haft hjúkrun og aðhlynningu á heimili sóknaraðilja máls þessa. Þá kveðst Grímur Magnússon læknir hafa verið heimilislæknir Guðjóns um nokkur síðari æviár hans, en Guðjón hafi þá hafzt við í íbúð dóttur sinnar og verið hrum-ur og allt að því blindur og þurft talsvert mikillar umönnunar við. Sjá rskj. nr. 14.

Vottorðsgefendur þessir hafa mætt hér í réttinum, að undan-teknum Kristjáni Sveinssyni. Hafa vitnisburðir þeirra verið tekn-ir gildir sem staðfestir, en mótmælt sem röngum af umboðs-manni erfingjanna.

Fyrirverandi maður sóknaraðilja, Gísli Guðmundsson, hefur gefið vottorð í málinu, og hefur það verið lagt fram í rskj. nr. 10. Hann segir þar, að Guðjón Guðmundsson hafi að engu leyti verið á vegum þeirra hjónanna, meðan sambúð þeirra stóð, en henni var slitið seint á árinu 1950. Fyrir það, sem þau hafi látið honum í té, hafi hann greitt bæði með því að leggja oft mat til heimilisins og með því að láta þau ekki greiða neina húsaleigu. Kveðst Gísli aldrei hafa ætlað sér að krefja Guðjón um neitt frekara endurgjald. Gísli Guðmundsson hefur unnið eið að vottorði sínu og framburði, en framburðinum er mótmælt sem röngum af hálfu sóknaraðilja. Þá hefur Ólafía Þórunn Sigurðardóttir gefið vottorð í málinu, sjá rskj. nr. 18. Telur hún Guðjón Guðmundsson frekar hafa verið veitanda en þiggjanda á heimili sóknaraðilja. Hann hafi venjulega komið með allan fisk til heimilis hennar, og stundum hafi hann borðað hjá henni. En eftir að hann lagðist, hafi að sjálfsögðu þurft að færa honum mat og hlynna að honum. Kveðst Ólafía lengi hafa verið kunnug heimili Guðjóns og sóknaraðilja.

Með hliðsjón af framburði Gísla Guðmundssonar hér að framan svo og yfirlýsingu sóknaraðilja við skilnað þeirra hjóna, sem fram fór hinn 10. janúar 1951, sbr. rskj. nr. 38, þá þykir ekki rétt að leggja greiðsluskyldu á búið fyrir umönnun á Guðjóni Guðmundssyni fram að árinu 1951.

Með tilliti til þeirra vitnaframburða, sem liggja fyrir í málinu, þykir víst, að sóknaraðili hafi annazt föður sinn að miklu leyti frá 1951 til dauðadags hans, án þess að séð verði, að greiðsla hafi komið í móti, önnur en þá leigulaus afnot húsnæðis, og heldur ekkj komið fram, að greiðsla fyrir þessa aðstoð hafi verið eftir gefin af hálfu hennar.

Þykir því rétt að taka til greina kröfu sóknaraðilja um greiðslu fyrir umönnun föður hennar frá ársbyrjun 1951 til dauðadags, og þykir fjárhæðin hæfilega ákveðin fyrir þetta tímabil kr. 48.000.00 auk 6% ársvaxta frá 9. maí 1957 til greiðsludags.

Þá þykir rétt, að varnaraðiljar greiði sóknaraðilja kr. 3.000.00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Sóknaraðili, Þórunn Guðjónsdóttir, fær greiddar af óskiptu dánar- og félagsbúi Elísabetar Pétursdóttur og Guðjóns Guðmundssonar kr. 48.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. maí 1957 til greiðsludags.

Varnaraðiljar, Halldóra Guðjónsdóttir, Guðjón Guðjónsson, Lúðvík Guðjónsson, Albert Guðjónsson og Guðmundur Guðjónsson, greiði in solidum sóknaraðilja, Þórunni Guðjónsdóttur, kr. 3.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. maí 1961.

Nr. 88/1961. Björn Guðmundsson f. h. Stuðlabergs h/f
 gegn
 Gísla J. Johnsen f. h. A/B Jönköping
 Motorfabrik.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 18. apríl 1961, sem Hæstarétti barst 6. maí s. á., hefur sóknaraðili kært málskostnaðarákvæði sjó- og verzlunardómsins og krefst þess, að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum hæfilegan málskostnað fyrir héraðsdómi og svo kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar málskostnaðarákvæðisins og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Eftir málavöxtum þykir mega staðfesta úrlausn héraðsdóms um málskostnað.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hið kærða málskostnaðarákvæði héraðsdóms á að vera óraskað.

Sóknaraðili, Björn Guðmundsson f. h. Stuðlabergs h/f, greiði varnaraðilja, Gísla J. Johnsen f. h. A/B Jön-